

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um fyrirtækið Ísavía
og rétt starfsmanna til að vera í stéttarfélagi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Getur Ísavía ohf. skyldað starfsmenn sína til að vera í öðru stéttarfélagi en þeir kjósa sjálfir?
2. Hver er afstaða ráðherra til þeirra skilyrða um stéttarfélagsaðild sem yfirmenn Ísavía ohf. settu við nýlegar ráðningar á Akureyrarflugvelli, sbr. m.a. erindi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna til ráðherra annars vegar, og Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar til Ísavía ohf. 13. febrúar sl.?

Skriflegt svar óskast.